

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 05.10.2020

Fundur 7-2020

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar mánudaginn 5. október 2020 kl. 16:45 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.
Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Jafnréttisáætlun Skagabyggðar
2. Endurheimt votlendis
 - erindi frá Landgræðslunni
3. Fjallskil
 - frá fjallskilanefnd
 - bréf frá Jóhanni Ásgeirssyni
4. Fjárhagsáætlun 2021
 - forsendur
 - útsvarsprósenta
 - fasteignaskattur
5. Styrkbeiðnir
 - Aflið
 - Jóhann Sigurðsson v/sögu Dags
6. Frá sameiningarnefnd
 - fundargerð 30. sept. 20
 - minnisblað varðandi formlegar sameiningarviðræður
 - kosning í samstarfsnefnd
7. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Jafnréttisáætlun Skagabyggðar

- Jafnréttisáætlun sem unnin hefur verið af jafnréttisnefnd lögð fram og samþykkt með örfáum breytingum.

2. Endurheimt votlendis

- Erindi frá Landgræðslunni vegna endurheimt votlendis í Ásbúðum.
Sveitarstjórn telur ekki þörf á sérstöku framkvæmdaleyfi þar sem þessi aðgerð sé ekki það stór í sniðum.

3. Fjallskil

- Erindi frá fjallskilanefnd varðandi álagningar á hross
- Bréf frá Jóhanni Ásgeirssyni varðandi álagningar á hross

Rætt um fjallskilaálagningu á hross innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ákveður að afturkalla ákvörðun um álagningu á hross sem fjallskilanefnd ákvað á fundi sínum 24. ágúst s.l. Ákveðið er að gjald fyrir fjallskilaskyld hross verði 2,5 eining og verði stuðst við það í útreikningum frá og með haustinu 2020. Komi til þess að fjallskilasjóðir sýni neikvæða afkomu vegna þessarar ákvörðunar, mun sveitarfélagið leggja þeim til fjármagn. Það fjármagn verði tekið af liðnum eigið fé.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 05.10.2020

Fundur 7-2020

4. Fjárhagsáætlun 2021

- forsendur
- útsvarsprósenta
Ákveðið að halda útsvarsprósentu óbreyttri, 14,52%
- fasteignaskattur
Ákveðið að hækka fasteignaskatt í 0,42%

5. Styrkbeiðnir

- Aflið
Samþykkt að veita styrk upp á 15.000 krónur.
- Jóhann Sigurðsson v/sögu Dags
Styrkbeiðni hafnað.

6. Frá sameiningarnefnd

- fundargerð 30. sept. 2020
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- minnisblað varðandi formlegar sameiningarviðræður
Lagt fram til kynningar.
- Tillaga um formlegar sameiningarviðræður
Fyrir fundinum liggur eftirfarandi tillaga:

Tillaga um formlegar sameiningarviðræður

Lagt er til að sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykki að skipa 2 fulltrúa hvert sveitarfélag og tvo til vara í samstarfsnefnd sem kanna skal möguleika á sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í því felst að sveitarfélögin hefja formlegar sameiningarviðræður sem lýkur með kosningu íbúa. Sveitarstjórar skulu hafa seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundum samstarfsnefndar. Markmiðið er að sameining sveitarfélaganna leiði til bættrar þjónustu, öflugri stjórnslu og skili auknum slagkrafti við að ná árangri í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum. Stefnt skal að því að samstarfsnefnd skili álit sínu til sveitarstjórna eigi síðar en 26. mars 2021. Samstarfsnefndinni er falið að setja verkefninu nánari verkáætlun og tímaramma.

Tillaga er samþykkt með 5 atkvæðum.

- kosning í samstarfsnefnd
Í samstarfsnefnd eru kjörin Magnús Björnsson og Karen Helga R Steinsdóttir. Til vara eru kjörnir Magnús Guðmannsson og Kristján Steinar Kristjánsson.

7. Önnur mál

Magnús Guðmannsson tilkynnti að hann láti af störfum fjallskilastjóra frá og með áramótum 2021 og segi sig jafnframt úr fjallskilanefnd frá sama tíma.

Rætt um smíði á brú yfir Fossá. Ákveðið að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2021.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 05.10.2020

Fundur 7-2020

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:50.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson